



Þriggja mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Nettó skuldir halda áfram að lækka og eiginfjárhlutfall að styrkjast

Helstu atriði árshlutareiknings

- Rekstrartekjur námu 133,2 milljónum USD (16,4 ma.kr.) og lækka um 8,0 milljónir USD (5,7%) frá sama tímabili árið áður.¹
- EBITDA nam 102,5 milljónum USD (12,6 ma.kr.). EBITDA hlutfall er 76,9% af tekjum, en var 74,6% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 50,5 milljónum USD (6,2 ma.kr.), en var 55,9 milljónir USD á sama tímabili árið áður og lækkar því um 9,8% milli tímabila.
- Hagnaður tímabilsins var 41,2 milljónir USD (5,1 ma.kr.) en var 9,1 milljón USD á sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 82,7 milljónir USD (10,2 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok mars 1.801,9 milljónir USD (221,6 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 84,0 milljónum USD (10,3 ma.kr.) sem er 3,5% hækkun frá sama tímabili árið áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:


„Rekstur Landsvirkjunar gekk áfram vel á fyrsta ársfjórðungi og einkenndist af sterku sjóðstreymi, en handbært fé frá rekstri var rúmlega 10 milljarðar króna (84 milljónir dollara). Var því einkum varið í að lækka skuldir, en á síðustu 12 mánuðum hafa nettó skuldir Landsvirkjunar lækkað um 29 milljarða króna (236 milljónir dollara). Tekjur lækkuðu um 5,7% á milli ára, einkum vegna 13% lækkunar á álverði, minni orkusölu og veikingar íslensku krónunnar, en á sama tíma lækkaði rekstrar- og viðhaldskostnaður um 14,5% frá fyrra ári.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 123




Rekstur

Þróun rekstrartekna



Rekstrartekjur lækkuðu um 8 m. USD í samanburði við fyrsta ársfjórðung í fyrra. Þessi lækkun skýrist að mestu af minna magni seldu, lægra álverði og veikari krónu. Hluti af raforkusamningum eru tengdir álverði. Þess má geta að Q1 2018 var tekjuhæsti fjórðungur í sögu fyrirtækisins.


EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 102,5 m. USD á fyrsta ársfjórðungi.




Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til þegar metinn er grunnrekstur fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam um 50 m. USD á fyrsta ársfjórðungi ársins en var um 56 m. USD á sama tímabili árið áður.

Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á F1 2019




Nettó skuldir halda áfram að lækka


Landsvirkjun hefur lagt mikla áherslu á að lækka skuldir síðustu ár. Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins. Frá áramótum hafa nettó skuldir lækkað um 83 m. USD en þær hafa lækkað um 236 m. USD frá sama tíma í fyrra. Fjárfestingar dragast talsvert saman þar sem umfangsmiklu framkvæmdatímabili er nú að ljúka með fullri gangsetningu Þeistareykja og Búrfells II. Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 84 m. USD á tímabilinu sem er 2,8 m. USD hærra en á sama tímabili í fyrra og 10,9 m. USD hærra en F4 2018.



Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé samstæðunnar nam 126 m. USD í lok mars 2019 en þróunin sést á grafinu hér að neðan. Handbært fé frá rekstri hefur staðið undir fjárfestingum síðastliðinna ára og er það forsenda bættrar skuldastöðu fyrirtækisins.



Horfur í rekstri

Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr markaðsáhættu undanfarin ár þar sem hlutfall fastra vaxta hefur verið aukið og dregið hefur verið úr gjaldmiðlaáhættu. Þá hefur verið dregið úr álverðsáhættu, annars vegar með samningum við nýja og núverandi viðskiptavini og hins vegar með notkun afleiðusamninga. Afkoma fyrirtækisins mun þó áfram ráðast af þróun markaða og eftirspurnar viðskiptavina.

Reykjavík, 24. maí 2019

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2019	2018	2017	2016	2015
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Rekstur					
Rekstrartekjur	131.388	142.810	119.465	104.294	109.375
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	1.769	(1.648)	(653)	1.209	2.290
Rekstrartekjur samtals	133.157	141.162	118.812	105.503	111.665
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(30.706)	(35.893)	(30.544)	(23.296)	(22.410)
EBITDA	102.451	105.269	88.268	82.207	89.255
Afskriftir og virðisryrnun	(33.696)	(30.623)	(29.180)	(29.273)	(27.573)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	68.755	74.646	59.088	52.934	61.682
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(18.292)	(18.720)	(15.307)	(15.108)	(9.655)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	50.463	55.926	43.781	37.826	52.027
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	6.842	(39.556)	42.555	(3.809)	(4.679)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(5.002)	16.879	(8.110)	(155)	(7.306)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	9.366	(18.856)	(3.568)	(26.896)	44.791
	11.206	(41.533)	30.877	(30.860)	32.806
Hagnaður fyrir tekjuskatt	61.669	14.393	74.658	6.966	84.833
Tekjuskattur	(20.508)	(5.328)	(25.277)	(3.522)	(29.253)
Hagnaður	41.161	9.065	49.381	3.444	55.580
Efnahagur	31.3.2019	31.3.2018	31.3.2017	31.3.2016	31.3.2015
Eignir samtals	4.440.665	4.712.186	4.472.638	4.261.913	4.202.682
Eigið fé samtals	2.200.167	2.072.166	2.017.992	1.920.232	1.746.998
Skuldir samtals	2.240.498	2.640.020	2.454.646	2.341.681	2.455.684
Nettó skuldir	1.801.882	2.038.072	1.965.833	1.974.816	2.028.575
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	83.989	81.142	66.285	68.711	82.850
Fjárfestingar	(17.832)	(42.582)	(67.732)	(22.248)	(14.403)
Fjármögnun	(54.022)	160.679	95.757	(64.717)	(52.293)
Lausafé alls	474.338	716.710	713.601	491.176	495.789
Eiginfjárhlutfall	49,5%	44,0%	45,1%	45,1%	41,6%
Arðsemi eiginfjár	7,4%	3,4%	5,9%	1,8%	7,9%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	4,75x	5,55x	5,26x	4,68x	4,05x
Nettó skuldir / EBITDA	4,66x	5,62x	6,39x	6,28x	5,99x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.